

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Sjúklingatrygging bætir líkamstjón viðskiptavina eða annars þriðja aðila, sem heilbrigðisstarfsmaður ber skaðabótaábyrgð á vegna mistaka við veitingu sérfræðisþjónustu. Samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 er þeim sem veita heilbrigðisþjónustu skylt að hafa starfsábyrgðartryggingu og er hún skilyrði fyrir starfsleyfi þeirra.



Hvað er tryggt?

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Líkamstjóns sem sjúklingur verður fyrir í tengslum við rannsókn eða meðferð heilbrigðisstarfsfólks og telst bótaskyldt samkvæmt íslenskum lögum.



Hvað er ekki tryggt?

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- × Líkamstjóns á öðrum en sjúklingnum sjálfum.
- × Starfsemi váttryggðs utan Íslands.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Ekki eru greiddar bætur ef bótakrafa berst utan gildistíma tryggingarinnar.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á Íslandi.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.
- Sjóvá ber að upplýsa stjórnvöld eða eftirlitsaðila um niðurfellingu lögboðinna starfsábyrgðartrygginga enda eru þær skilyrði fyrir starfsleyfi viðkomandi starfsstéttar.